

## BRÁÐABIRGÐALÓG

114

28. okt.

um breyting á lögum nr. 35, 1. febr. 1936, um viðauka við lög nr. 78, 19. júní 1933,  
um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð oss, að við framkvæmd laga nr. 35, 1. febrúar 1936, hafi komið í ljós, að nauðsynlegt sé að gera breytingu á I. kafla laganna, til þess að þau nái tilgangi sínum. Þegar lög þessi voru til meðferðar á Alþingi var gert ráð fyrir, að af handhafaskuldabréfum þeim, sem gefa mátti út samkvæmt lögum nr. 78, 19. júní 1933, mundi verða afgangs allt að 1½ millj. kr., þegar lánveitingum eftir þeim lögum væri lokið. Þessa fjárhæð, allt að 1½ millj. kr., var tilætlun laga nr. 35, 1. febrúar 1936, að láta ganga til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins, eftir þeim nánari reglum, sem lögin skilja til. En nú er það komið í ljós, að af útgáfuheimild skuldabréfa eftir lögum nr. 78, 19. júní 1933, er ekki ónotað nema tæplega 400000 kr. eða rúmlega 1 millj. kr. minna en ráðgert var á Alþingi og stafar þetta af því, að er lög nr. 35, 1. febr. 1936 voru afgreidd var ekki tekið tillit til ½ millj. kr. bréfaútgáfu samkvæmt lögum nr. 16, 1. febr. 1936, en þessi tvenn lög voru samtímis til meðferðar á Alþingi. Ekki var heldur tekið tillit til þess, að lánsheimild sú, sem felst í lögum nr. 78, 19. júní 1933, hefir ekki verið notuð nema að nokkru leyti og munar það 5—6 hundruð þúsund krónum.

Það er auðsætt, að eftir þeim lánbeiðnum hreppsfélaga, sem liggja fyrir, er ekki án lagabreytingar hægt að hlaupa undir bagga með sveitar-sjóðunum á þann hátt, sem tilætlunin var með lögum nr. 35, 1936. Og til þess að þessari fyrirætlun verði náð virðist ekki annað tiltækilegt en að hækka útgáfuheimild handhafaskuldabréfa í allt að 1½ millj. kr. Þótt þetta sé gert, verður ekki meira fé notað í framannefndu skyni en ráðgert var á Alþingi og ábyrgð ríkissjóðs verður hin sama.

Þar sem svo stendur á, sem að framan er greint, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess, að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

## 1. gr.

1. gr. laga nr. 35, 1. febrúar 1936 verði svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs gefi út

114 handhafaskuldabréf, að upphæð allt að 1½ millj. kr. og teljast þau til skulda-  
28. okt. bréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 millj. kr. að  
upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þesum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum lands-  
ins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hag-  
kvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. jan.  
1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús  
og heilsuhæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart inn-  
lendum lánardrottnum eða skuldareigendum til greiðslu hvernar þeirrar skuldar,  
sem eldri er og ekki er tryggð með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð.  
Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef  
skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda eldri  
en frá 1. jan. 1933 eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skulda-  
bréf, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 78, 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfi þeirra, sem ræðir um í þessari gr. gilda  
ákvæði 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Amaliuborg, 28. október 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*